Íslenska

Tímar á viku: 7

Kennsluaðferðir og skipulag.

Leiðir: Upplestur nemenda úr ýmsu efni. Hlustun á lifandi lestur og af geisladiskum, samstundir, skólasýningar og fleira. Nemendur lesa daglega upphátt og í hljóði heima og í skólanum. Í skólanum fá nemendur reglulega tækifæri til frjáls lestrar í bók að eigin vali. Unnin eru ýmiss viðfangsefni sem þjálfa nemendur í hljóðgreiningu, lestri, stafsetningu og ritun nemenda. Nemendur æfa sig í að semja sögur í skólanum og í heimanámi. Upplestur er þjálfaður í skólanum þar sem nemendur æfa sig að lesa fyrir kennara og hver fyrir annan og gera verkefni tengd sögunum. Nemendur lesa upp eigin sögu. Lesskilningur er þjálfaður með ýmsum verkefnum, einstaklingslega og í hópastarfi. Nemendur semja sögur bæði í skóla og heima. Einnig eru unnin ýmis konar ritunarverkefni sem tengjast öðrum námsgreinum svo sem samfélags- og náttúrufræði. Nemendur skrifa eftir forskrift í skóla. Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni. Nemendur vinna með valin ljóð og sögur ásamt því að semja sjálfir.

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat
Nemendur geta: **Talað mál, hlustun og áhorf** ● beitt skýrum og áheyrilegum framburði, ● tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu, ● sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri ● nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi, ● átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Hlustun á lifandi lestur og af geisladiskum, samverustundir, skólasýningar og fleira. Bekkjarfundir og umræður Unnið með ljóð og sögur. Vinna með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum Nemendur vinna munnleg og skrifleg verkefni. Samþætting við leiklistarsmiðju.	● Bekkjarfundir og umræður ● Ljóð, sögur og ævintýri. Skriftarbækur og önnur verkefni. ● Ritrún 1,	Símat Virkni og þáttaka í formi símats. Próf Raddlestrarpróf 2x á ári Hlustunar- og lesskilningspróf. Kannanir og stöðumat. Auk þess eru verkefni metin jafnóðum.
Lestur og bókmenntir ● beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr, ● nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi, ● tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.	Lestur heima og í skóla upphátt og í hljóði Upplestur nemenda úr ýmsu efni.	● Alls kyns lestrarbækur sem hæfa lestrargetu, ● Við lesum B, lestrarbók og vinnubók, ● nestissögur, ● Litla ritrún og alls kyns lesskilningsverkefni, ● Litla lesrún ● Ljóð, sögur og ævintýri.	
Ritun ● dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega, ● samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.	Skrift í skóla bæði eftir forskrift og í flæði, nemendur semja sögur bæði í skóla og heima, ljóðagerð.	● Skrift 2, ● sögubækur, ● Við lesum B, ● alls kyns réttritunarverkefni, ● Ýmis konar ritunarverkefni sem	

		tengjast öðrum námsgreinum ● dagbók,	
Málfræði ● beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska, ● þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, ● raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag ● leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.	Unnið með málfræðina á fjölbreyttan hátt með verkefnavinnu, munnlega og skriflega.	● Við lesum B ● Ritrún 1	

Grunnþættir menntunar.

Grunnþáttur	**Áhersluþættir grunnþátta menntunar**
Læsi:	● geti lesið mismunandi texta og vinna úr þeim.
Sjálfbærni:	● læri að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu álitamálum og ágreiningsefnum bæði með ritun og framsögn.
Heilbrigði og velferð:	● fái tækifæri til þess að vinna á sínum hraða verkefni við hæfi og efla með því sjálfsmynd sína.

Lýðræði og mannréttindi:	● læri að taka meiri ábyrgð á eigin námi og hafa val um ákveðna námsþætti og efnistök.
Jafnrétti:	● vinni saman í hópum og læra að virða skoðanir og sjónarmið annara
Sköpun:	● vinni ýmis verkefni þar sem sköpun er höfð í fyrirrúmi.